SMEKKLEYSA Í 30 ÁR

30

BAÐSTOFA EYÐIMERKURINNAR



SÝNING Í
ÞJÓÐARBÓKHLÖÐU
OPNUÐ
7. SEPTEMBER
2017

Rætur Smekkleysu liggja að miklu leyti í því stefnumóti einstaklinga úr hinni svokölluðu íslensku nýbylgju sem átti sér stað í tónlistarþættinum Áföngum í júlílok 1983. Ásmundur Jónsson og Guðni Rúnar Agnarsson voru umsjónarmenn þáttarins, en hann fjallaði m.a. um hina ýmsu kima alþýðutónlistar, og var á dagskrá Ríkisútvarpsins frá 1975 til 1983. Í lokaþættinum í júlí 1983 kölluðu umsjónarmennirnir til tónlistarmenn sem að þeirra mati höfðu verið meðal þeirra athyglisverðustu í nýbylgjunni sem reið yfir íslenskt tónlistarlíf í upphafi níunda áratugarins. Hinir útvöldu voru Björk Guðmundsdóttir (kynnt sem Guðnadóttir í Mbl.!), sem verið hafði í Tappa Tíkarrassi, Einar Örn Benediktsson úr Purrki Pillnikk, Guðlaugur Óttarsson og Sigtryggur Baldursson úr Þey, Birgir Mogensen úr Killing Joke og Einar Melax og Þór Eldon úr Fan Houtens Kókó og Medúsuhópnum. Þór var reyndar farinn til Frakklands og Spánar og var ekki með í þeirri hljómsveit sem varð til í framhaldinu. Hljómsveitin var nafnlaus í fyrstu, enda ekkert víst með framhaldið. Fljótlega var þó ákveðið að halda samstarfinu áfram og kalla sveitina Kukl. Á þriggja ára ferli sínum gaf Kukl út smáskífuna „Söngull“ og tvær breiðskífur; *The Eye* og *Holidays in Europe*, sem fyrst átti að heita „The Naughty Nought“. Sjón gerði drög að umslagi þeirra plötu sem eru hér á sýningunni en voru aldrei notuð og eru nú sýnd í fyrsta sinn. Hljómsveitin hélt tónleika víða um Evrópu við góðar undirtektir, en tónlistin þótti mjög ágeng og myrk.

Þegar betur er að gáð áttu margir þessara einstaklinga, sem kallaðir voru til í hljómsveitina Kukl úr ýmsum áttum, fleira sammerkt en að vilja nýjungar í popptónlist. Flestir höfðu fleiri snertifleti við menningarlífið en eingöngu tónlistina. Bókmenntir, myndlist, leiklist, kvikmyndagerð og fjölmiðlar almennt voru þættir sem hópurinn lék á eins og hljóðfæri, en hinn sameiginlegi grundvöllur var hinsvegar menningarlegur sjálfsþurftarbúskapur utan hefðbundinna útgáfufyrirtækja og sá grunnur varð síðar ástæðan fyrir stofnun Smekkleysu.

Um 1985 var talsvert fjallað um það í fjölmiðlum á Íslandi að bókmenntirnar væru að skiptast upp í tvær fylkingar, annarsvegar hin viðurkenndu skáld stóru útgáfufyrirtækjanna og hinsvegar hin svokölluðu fjölritaskáld, sem gáfu verk sín út sjálf og seldu á götum Reykjavíkur eða inni á þeim sex eða sjö kaffihúsum sem borgin státaði af á þeim tíma. Bjórlíki varð þjóðardrykkur landans um miðjan níunda áratuginn og með fjölgun knæpa fjölgaði jafnframt sölustöðum fjölritaskáldanna. Sjón hélt erindi um muninn á fjölritaskáldum og „innbundnum“ skáldum á málþingi sem bókmenntafræðinemar í Háskóla Íslands stóðu fyrir í mars 1985. Þá var eins og rynni upp ljós fyrir Rithöfundasambandinu og var efnt í fyrsta sinn til Dags ljóðsins í maí sama ár til að opna umræðu um stöðu ljóðsins, hvort það væri innilokað í félabeinsturnum eða í neðanjarðarbyrgjum. Fjölritunarstofan Letur var athvarf fjölritaskáldanna. Þangað komu þau með handrit sín, misvel búin til prentunar, en fengu ávallt fyrsta flokks þjónustu gegn afar vægu verði hjá Sigurjóni Þorbergssyni og hans fólki. Letur varð raunar að hætta starfsemi tímabundið árið 1983 vegna slæmrar fjárhagsstöðu, en hafði þá starfað í um áratug og gefið út mörg tímamótaverk. Letur hóf aftur starfsemi 1985 og hefur verið rekið síðan með hléum, lengst af á heimili Sigurjóns Þorbergssonar. Sum skáldanna gáfu líka út snældur, en með tilkomu Alfa í Hafnarfirði upp úr 1980 varð hægðarleikur einn að fjölfalda hljóðritað efni án milligöngu útgefanda. Stúdíó Mjöt var stofnað 1983 og stuðlaði mjög að því að gerðar voru upptökur á efni sem hljómplötuútgefendur sinntu ekki, með því að upptökukostnaður var í algeru lágmarki. Hljómplötuverslunin Gramm á Laugaveginum varð athvarf þeirra sem gáfu út fjölfaldað efni á eigin kostnað, hvort heldur sem var bækur, snældur eða hljómplötur í litlu upplagi. Gramm sá um dreifingu á þessu efni og var í raun eina verslunin sem hafði eitthvert úrval efnis úr fjölföldunarbylgjunni. Smekkleysa á rætur sínar að miklu leyti í þessum kringumstæðum.

Ásmundur Jónsson og Einar Örn ráku verslunina Gramm ásamt Dóru Jónsdóttur og flestir verðandi Sykurmolar störfuðu þar um tíma. Þór Eldon, Sjón, Einar Melax, Ólafur J. Engilbertsson og Jóhamar voru allir í Medúsuhópnum sem gaf út fjölritaðar ljóðabækur og snældur, alls 29 titla, á árunum 1979 til 1986. Bragi og Einar Örn voru í Purrki Pillnikk sem gaf út 10 laga sjötommuna *Tilf* árið 1981, fyrstu útgáfu Grammsins, og báðir gáfu þeir út ljóðabækur sem voru á meðal fyrstu útgáfuverka Smekkleysu. Björk gaf út ljóðabók með eigin teikningum, *Um Úrnat*, í örfáum eintökum 1983. Þór gaf út sitt fyrsta ljóðakver 1983, það var myndskreytt af Björk. Árið 1985 gaf hann út ljóðabók með myndum eftir Margréti Örnólfsdóttur og enn eina með myndum eftir Sjón árið 1986. Einar Melax gaf út ljóðabækur bæði undir merkjum Medúsu og Smekkleysu.

Sammerkt flestum þessum útgáfum var að þær voru unnar að öllu leyti af höfundunum sjálfum, texti, myndefni og allt útlit, prentun, bókband, dreifing og sala. Það sama á við um margar snældur og smáskífur sem Gramm stóð að útgáfu á. Gramm gerði gott betur, því 1985 komu út snældurnar *Lystisnekkjan Gloría* og *Fellibylurinn Gloría* sem innihéldu upplestur margra fjölritaskáldanna og voru sum hver með undirleik. Persónur á borð við Dag Sigurðarson og Sveinbjörn Beinteinsson voru innanborðs í þessum útgáfuhræringum sem voru grundvöllurinn að stofnun Smekkleysu 1986. Smekkleysa átti að standa fyrir það sem fjölritaskáldin og heimiliside naðarútgáfurnar höfðu staðið fyrir; að gefa stóru útgáfunum langt nef og skapa bakland einyrkja sem voru að mestu að selja á götunni. Það var því ekki ýkja langur vegur yfir í götuleikhús, en haustið 1985 var stofnaður hópurinn Sirkusdútl sem var að mörgu leyti undanfari Smekkleysu og stóð m.a. að götuleikhúsi á Laugaveginum. Hópurinn samanstóð af hljómsveitinni Kukli auk Medúsuskáldanna Þórs Eldon, Sjóns og Jóhamars og fór í hringferð um landið vorið 1986. Á einni viku útbjó hópurinn yfir 100 grímur, skúlptúra, dreka og fleira í anda götulistahópa frá suðrænum slóðum sem notað var í karnivali við opnun Laugavegarins eftir endurbætur. Sameining Medúsuhópsins og Kukls og þróun Kukls yfir í Sykurmola var hafin.

Sumarið 1986 hélt þessi þróun áfram. Kukl lagði upp laupana og ýmsar þreifingar hófust samhliða því að Bragi Ólafsson kom heim frá Spáni og Friðrik Erlingsson flutti til Reykjavíkur frá Akureyri þar sem hann hafði búið um hríð. Þór og Björk fluttu á Nesveginn og þar var mjög gestkvæmt um sumarið. Smekkleysa var í burðarliðnum. Kukl leystist upp vorið 1986. Þukl var vinnuheiti á hljómsveit sem innihélt þá Friðrik Erlingsson og Þór Eldon sem gítarleikara og Braga Ólafsson á bassa auk Einars Arnar, Einars Melax, Sigtryggs og Bjarkar sem verið höfðu í Kukli. Hljómsveitin lék á norrænu listahátíðinni N´art í júlí 1986 í tjaldi við Norræna húsið. Þetta voru fyrstu þreifingar Sykurmolanna. Póstkort var gefið út í október 1986 með vatnslitamynd Friðriks Erlingssonar af Reagan og Gorbachev í tilefni af leiðtogafundinum. Kortið seldist einna best af öllum þeim minjagripum sem gefnir voru út í Reykjavík af þessu tilefni, og ágóðinn nægði til að fjármagna fyrstu útgáfu Sykurmolanna. Sú útgáfa, smáskífa sem innihélt lögin „ammæli“ og „köttur“, kom út á afmælisdegi Bjarkar, 21. nóvember 1986. Hún var framleidd í Hafnarfirði hjá Alfa, í fimm hundruð eintökum, og var helmingur upplagsins gallaður. Friðrik dreifði plötunum úr Ford Fairmount bifreið sinni og var platan einnig seld í Austurstræti af meðlimum sveitarinnar við dræmar undirtektir. Sykurmolarnir þurftu að bíða enn um sinn eftir „heimsyfirráðum“, en í lok ágúst 1987 var lagið „Birthday“ valið lag vikunnar í breska tónlistartímaritinu *Melody Maker*.

Bókaútgáfa Smekkleysu fór af stað 1986 með útgáfu *Dragsúgs*, fyrstu ljóðabókar Braga. Þá kom *Taktu bensín elskan*, þriðja ljóðabók Þórs, og síðan *Drullusokkur* Einars Arnar í tíu eintökum. Þessar bækur eru auðvitað löngu uppseldar en dúkka upp óreglulega hjá fornbókasölum Reykjavíkur.

Árið 1988 var ákveðið að gefa út vandað safn með ljóðum eftir alla Smekkleysumeðlimi sem á annað borð voru að yrkja, sem og félaga og vini. Sviðið var kráin, hin nýja stoppistöð hámenningar- og lágmenningarelítunnar. Robert Guillemette ljósmyndaði hópinn á Duus húsi: Þorra Jóhannsson, Jón Hall Stefánsson, Jóhamar, Sjón, Þór Eldon, Einar Örn, Einar Melax, Braga Ólafsson og Ólaf J. Engilbertsson. Þeir þrír síðasttöldu lágu löngum stundum yfir samsetningu á sérútbúnum öskjum úr Kassagerðinni sem ljóðin hvíldu í og fylgdu útgáfunni enskar og spænskar þýðingar.

Skáldsögurnar *Byggingin* eftir Jóhamar og *Miðnætursólborgin* eftir Jón Gnarr voru gefnar út 1988 og 1989, báðar innbundnar að hætti íslenskra jólabóka. Nýstárleg efnistök skáldsagnanna og óbeislaður orðaforði átti hins ekki upp á pallborðið hjá hinu hefðbundna jólabókmenntaáhugafólki. Um svipað leyti gaf Einar Melax út ljóðabókina *Óskiljanleg kúla*, innbundna í þykkar álplötur með grafíkmyndum eftir Kristberg Pétursson. Einar seldi bókina mestmegnis sjálfur. Eftir þessar útgáfur lá bókaútgáfan niðri um skeið. Ólafur stóð þó að útgáfu myndasögublaðsins *Gisp!* ásamt öðrum og komu tvö tölublöð þess út á vegum Smekkleysu árin 1991 og 1992. Þýðing Ólafs á mannfræðistúdíu nóbelskáldsins Octavio Paz, *Völundarhúsi einsemdarinnar*, kom svo út 1993 undir merkjum Smekkleysu, en í samstarfi við bókaútgáfuna Bjart.

Lýðveldishátíðin 1994 markaði svo á vissan hátt kaflaskil í útgáfusögu Smekkleysu. Bragi og Ólafur fengu ljósmyndarann Eduardo Perez Baca til liðs við sig til að framleiða póstkortaseríu í tilefni af lýðveldisafmælinu. Þeir Óttarr Proppé og S. Björn Blöndal úr hljómsveitinni Ham voru valdir sem fyrirsætur ásamt Möggu Stínu úr Risaeðlunni. Úr varð sextán korta sería sem vakti verðskuldaða athygli en seldist þó ekki í samræmi við það. Ráðist var í annað tímamótaverkefni vegna lýðveldishátíðarinnar. Þorvaldur Guðlaugsson hannaði nýjan þjóðbúning, bol með lopapeysumynstri og derhúfu með faldi sem átti að minna á skautbúninginn. Búningurinn varð geysivinsæll, sérstaklega bolirnir, sem voru framleiddir í nokkrum litum. Undir haustið var svo ákveðið að láta slag standa og framleiða jólakort. Robert Guillemette tók ljósmyndirnar að þessu sinni og Jón Gnarr bættist við í þann hóp sem hafði setið fyrir á lýðveldisafmæliskortunum. Sviðsett var dæmigerð íslensk jólamáltíð með tilheyrandi áfengisdrykkju og reynt var að höfða til nýbúa með því að hafa austurlenskan veitingastað í bakgrunni. Jólakveðjurnar í kortunum voru auk þess á átta tungumálum. En þrátt fyrir að bæði póstkortin og jólakortin hafi selst dræmt á sínum tíma hafa þau öðlast sígildan sess á sviði kortaútgáfu á Íslandi og eru til vitnis um ómetanlegt framlag Smekkleysu til íslenskrar menningar og landkynningar.

Það var ekki fyrr en með hátíðinni Orðið tónlist haustið 2000, og útgáfu bókar í tilefni af henni, sem lífi var blásið á ný í þá texta- og ljóðaútgáfu sem Smekkleysa á að svo miklu leyti rætur sínar í. Þar rættist líka gamall draumur Smekkleysu um að tefla saman textum og tónlist og hefja til vegs textagerð fyrir dægurtónlist sem er stundum meira en lítil fluga. Ómögulegt er að gera hér skil öllu því sem Smekkleysa hefur látið frá sér fara og stuðlað að á þeim árum sem fyrirtækið hefur starfað. Til dæmis hefur ekki verið minnst á Jazzhljómsveit Konráðs Bé, fjórtán manna hljómsveit sem sameinaði tónlistarmenn úr nokkrum Smekkleysuhljómsveitum; það hefur ekki verið sagt frá jazzútgáfunum, klassíkinni eða hinum þjóðlegu menningarútgáfum eða rekstri gallerísins Humar eða frægð, svo fátt eitt sé nefnt. En það er von okkar að þessi sýning varpi að minnsta kosti smátýru á það starf sem Smekkleysa hefur unnið á sínum þrjátíu árum. Veggspjöld voru jafnan helsta leiðin til að kynna útgáfur, upplestra og tónleika og hér má sjá úrval þeirra frá níunda áratugnum.

Smekkleysa SM ehf

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN

Texti: Ólafur J. Engilbertsson. Hönnun: Ámundi Sigurðsson.
September 2017.